


Nr.: STS-012	<h1>Tækniskólinn</h1>	 skóli atvinnulífsins
Útgáfa: 1.0		
Dags: 12.12.2013	<h2>Starfsreglur stjórnar</h2>	
Höf: Jón B. Stefánsson		
Ábm: Skólameistari		
Síða 1 af 2		

### 1. Markmið.

- 1.1. Stjórn Tækniskólans mótar stefnu hans í samræmi við markmið eins þau eru í samþykktum félagsins:

*“Markmið Tækniskólans ehf er að veita menntun, fræðslu og þjálfun á sviði verkmennta og í starfstengdum greinum eftir því sem þarfir og hagsmunir atvinnulífsins og fyrirtækja á þessum sviðum krefjast á hverjum tíma. Verkefni félagsins skulu taka til reglulegra menntunar og menntunarstarfsemi, rannsókna og þróunar, námskeiða, endur- og símenntunar, starfsþjálfunar og námssamninga í atvinnulífi o.þ.h. og einnig til sérfræðilegrar ráðgjafar- og þróunarverkefna o.s.frv.”*

- 1.2. Stjórn félagsins fer með yfirstjórn allra málefna þess, ræður framkvæmdastjóra, veitir þeim prókúru og setur vinnureglur samkvæmt samþykktum félagsins.
- 1.3. Stjórn Tækniskólans hefur sett sér eftirfarandi starfsreglur sem byggja á samþykktum félagsins og ákvörðun stjórnar um verk- og vinnuskipulag stjórnar félagsins og starfsmanna þess.

### 2. Fundir stjórnar

- 2.1. Stjórn Tækniskólans skal halda fundi 8-12 sinnum á ári, að jafnaði mánaðarlega á starfstíma skóla og eftir þörfum utan starfstíma skóla.
- 2.2. Fundir stjórnar Tækniskólans skulu að jafnaði haldnir 3ja fimmtudag hvers mánaðar kl. 15:00 og boðaðir með dagskrá. Auk réttkjörinna stjórnarmanna skulu allir varamenn hafa rétt til fundarsetu og vera boðaðir til fundar.
- 2.3. Skólameistarar/framkvæmdastjórar Tækniskólans sitja alla stjórnarfundi með málfrelsi og tillögurétt og undirbýr fundina í samráði við formann stjórnar.
- 2.4. Formaður stjórnar Tækniskólans stjórnar fundum, skipar fundarritara og annast undirritun fundargerða.
- 2.5. Stjórn félagsins greiðir ein atkvæði á stjórnarfundum og telst tillaga samþykkt með einföldum meirihluta stjórnarmanna.


### 3. Réttindi og skyldur stjórnarmanna og framkvæmdastjóra

- 3.1. Stjórnarmenn hafa hver fyrir sig rétt til að óska eftir stjórnarfundi og skal hann haldinn svo fljótt sem auðið er eftir að skrifleg beiðni berst.
- 3.2. Stjórnarmenn hafa rétt til upplýsinga um starfsemi félagsins frá framkvæmdastjórum og til að leggja fram beiðnir um skýrslur og athuganir.
- 3.3. Stjórnarmenn skulu upplýsa stjórnina um möguleg hagsmunatengsl er kunna að gera þá vanhæfa til umfjöllunar um einstök mál og skal stjórn þá ákveða framgang málsins.
- 3.4. Stjórnarmenn og allir sem sitja fundi stjórnar hafa þagnarskyldu um umræður á hverjum tíma umfram það sem skráð er í fundargerð.

### 4. Um stjórn og framkvæmdastjóra

- 4.1. Stjórn Tækniskólans veitir framkvæmdastjórum þess prókúru og umboð til að annast allan daglegan rekstur Tækniskólans samkvæmt samþykktum félagsins.
- 4.2. Stjórn félagsins mótar stefnu og framtíðarsýn félagsins.
- 4.3. Stjórn Tækniskólans skal á fundi sínum í desember ár hvert taka til afgreiðslu tillögu framkvæmdastjórnar um rekstrar- og framkvæmdaáætlun næsta fjárhagsárs ásamt markmiðsáætlun.
- 4.4. Framkvæmdastjórum skal með hliðsjón af 4.2 leitast við að halda rekstri og fjárfestingu innan samþykktra áætlana og skal leggja fyrir stjórn ákvarðanir sem ekki eru innan samþykktra áætlana.

Ef nauðsyn kallar á skjótar ákvarðanir sem ekki eru hluti daglegs rekstrar eða áætlana og ekki er mögulegt að kalla til stjórnarfund skulu framkvæmdastjórar ráðfæra sig við formann

Nr.: STS-012	<b>Tækniskólinn</b>	
Útgáfa: 1.0		
Dags: 12.12.2013	<b>Starfsreglur stjórnar</b>	
Höf: Jón B. Stefánsson		
Ábm: Skólameistari		
Síða 2 af 2		

stjórnar áður en ákvörðun er tekin. Öðrum stjórnarmönnum skal jafnframt gert viðvart um slík mál.

- 4.5. Framkvæmdastjórnar annast öll samskipti við aðila utan félagsins og koma fram fyrir þess hönd nema annað sé ákveðið í samráði við formann og stjórn.
- 4.6. Framkvæmdastjórnar skulu annast varðveislu allra gagna félagsins er lúta að stjórn og stjórnarstörfum svo sem fundargerðarbækur, gögn vegna aðalfunda, ársreikninga og annað þessu skylt.

## 5. Upplýsingar

- 5.1. Framkvæmdastjórnar skulu leitast við að halda stjórnarmönnum upplýstum um málefni félagsins á hverjum tíma.
- 5.2. Fundargerðum stjórnarfunda skal að jafnaði dreift til fundarmanna innan viku frá fundi og síðan undirrituð af stjórnarmönnum á næsta fundi.
- 5.3. Ársskýrsla félagsins skal gefin út í tengslum við aðalfund félagsins ár hvert.

Að öðru leyti vísast í samþykktir fyrir Tækniskólann ehf .

Samþykkt á fundi 11. maí 2007